

## Umsögn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) um fjárlög 2024

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu þakka fyrir tækifærið til að veita málinu umsögn. Hér að neðan má finna helstu áherslur í umsögn samtakanna. Ítarlega umfjöllun um hvert af þessu málum má svo finna neðar í umsögninni.

### Helstu áherslur í umsögn SFV:

- Hjúkrunarheimili: SFV þakka heilbrigðisráðuneytinu, fjárlaganefnd og stjórnvöldum almennt fyrir þann velvilja sem þau hafa sýnt þjónustu hjúkrunarheimila undanfarin ár. Nú eru stór tækifæri til að byggja áfram á þann árangur sem náðst hefur og hvetja SFV til þess að þau verði nýtt. Þar hvetja SFV stjórnvöld sérstaklega til að styrkja þá þætti fjárveitinga til hjúkrunarheimila sem varða:
  - o Lítill hjúkrunarheimili fá sérstakar fjárveitingar í formi svokallaðs smæðarálags sem greitt er til að styðja við rekstur þeirra. Sá rekstur er sérlega þungur og til að viðhalda þjónustu þeirra (sem oft eru í minni og meðalstórum sveitarfélögum á landsbyggðinni) hvetja SFV fjárlaganefndina til að bæta við 150 m.kr. í smæðarálagið.
  - o Hjúkrunarþyngd er mælikvarði á hversu umfangsmikla þjónustu íbúar hjúkrunarheimila þurfa. Ef hjúkrunarheimilin eiga að geta veitt þjónustu til íbúa sem þurfa sérlega mikla þjónustu vegna alvarlegra veikinda, er fjármagn vegna þessa liðs því ákaflega mikilvægt. Hér hvetja SFV því fjárlaganefndina til að bæta 150 m.kr. við til að styrkja hjúkrunarheimilin í að þjónusta það eldra fólk sem þarf á umfangsmestri umönnun að halda.
- Dagdvalir: Byggt á launahækkunum sem þegar hafa komið til og hækkandi verðlagi ætti rekstrargrunnur dagdvala fyrir árið 2024 að vera 3.327 m.kr í stað 3.256 m.kr. Auk þess hafa verið opnuð ný dagdvalarými á árinu og mun sú þróun líklega halda áfram. Það vantar því a.m.k. 71. m.kr. upp á til dagdvala í fjárlagafrumvarpinu.
- Fjárlagaliður 25.2 – Endurhæfingarþjónusta: Almennt má segja að framlög til aðildarfélaga SFV sem falla undir þennan fjárlagalið séu ekki næg í frumvarpinu til að standa undir launahækkunum sem þegar hafa komið til á árinu 2023 og hækkandi verðlagi. Þannig vantar inn í rekstrargrunn ársins 2024:
  - o Alzheimersamtökin, vegna Seigllunnar: 20 m.kr.
  - o Heilsustofnun NLFÍ: 29 m.kr.
  - o Hlein: 7 m.kr.
  - o Reykjalundur: 52 m.kr.
- SÁÁ: SFV hvetja til þess að fjárlaganefnd framlengi og auki við framlag það sem nefndin bætti við í meðförum hennar á fjárlagafrumvarpi síðasta árs.

## Athugasemdir við einstaka málefнасvið

### Málefнасvið 25 Hjúkrunar og endurhæfingarþjónusta

#### 25.1 Hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrými.

##### Hjúkrunarheimili

Það er ekki hægt að sjá beint út úr fjárlagafrumvarpinu nákvæmlega á hvaða fjárlagaliðum allar fjárveitingar til hjúkrunarheimila er að finna, en við hjúkrunarheimilunum treystum því að stjórnvöld og fjárlaganefnd tryggji að nægilegt fjármagn sé til staðar til að ríkið geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt þjónustusamningum hjúkrunarheimila. **Það fjármagn sem þarf til að standa við þjónustusamninga hjúkrunarheimilanna við ríkið og það sem þarf til uppfylla forsendur fjárlagafrumvarpsins, má sjá í töflu 1 hér að neðan.**

SVF og hjúkrunarheimilin hafa undanfarin ár átt ákaflega gott samstarf við heilbrigðisráðuneytið, fjárlaganefndina og stjórnvöld almennt og hlakka til áframhaldandi sameiginlegrar uppbyggingar á málaflokknum.

Fjármagnsliður	Fjármagn [m.kr.]
Rekstrargrunnur hjúkrunarheimila 2023 skv. fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2024	42,678
Fjármagn sem bættist við fjárlög 2023 með breytingartillögu fjárlaganefndar á fjárlagafrumvarpi 2023 eftir 2. umræðu, vegna kostnaðar hjúkrunarheimila v. BVV.	1,200
Hækkanir á ársgrundvelli á greiðslum til hjúkrunarheimila vegna nýrra kjarasamninga á árinu 2023, af þessu eru greiðslur v. 9 mánaða millifærðar innan ársins 2023, eða rúmir 2,3 milljarðar	3,097
Fjármagn sem þarf að koma í rekstrargrunn ársins 2024 vegna verðlagshækkana, í samræmi við þjónustusamning hjúkrunarheimila og verðlagsforsendur fjárlagafrumvarps (8%)	683
Aukin fjárheimild málaflokksins sem boðuð er í fjárlagafrumvarpinu: "til reksturs nýrra hjúkrunarrýma sem eru á framkvæmdaáætlun um byggingu hjúkrunarrýma"	2,200
<b>Samanlagt</b>	<b>49,858</b>

Tafla 1 – Heildarjárnsmögnunarþörf hjúkrunarheimila árið 2024

Hér að neðan í næstu köflum umsagnarinnar er að finna ítarlegri umfjöllun um hvern af þeim þáttum sem tilteknir eru í töflu 1 hér að ofan

##### **Framlag til hjúkrunarheimila v. BVV – Samþykkt breytingartillaga meirihluta fjárlaganefndar**

Í nefndarálit meirihluta fjárlaganefndar (814 nefndarálit) um breytingar gerðar á fjárlagafrumvarpi ársins 2023 kom eftirfarandi fram:

“Af þessum gjaldatillögum vega þyngst 1.200 m.kr. framlög til hjúkrunarheimila til að mæta hækkun daggjalda á næsta ári. Framlagið tengist verkefni um betri vinnutíma í vaktavinnu og er framhald á sambærilegri heimild sem veitt var á þessu ári. Nú þegar er gert ráð fyrir fjárhæðinni í daggjöldum stofnana og er gjaldaheimild fjármögnuð af almennum varasjóði.”

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir 2023 voru í fjárlagalið 25.1 hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta – 08.403 Öldrunarþjónusta daggjöld – 101 hjúkrunarrými: 41.536,4. m.kr. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir 2024 kemur fram að í fjárlögum 2023 hafi upphæðin verið nákvæmlega þessi og eru þessar fjárhæðir því ekki undir þessum fjárlagalið. Því spyrja samtökin á hvaða fjárlagalið framlag þetta er?

Samtökin telja það sérlega mikilvægt mál að framlag þetta sé tryggt til framtíðar, þar sem í nýjustu þjónustusamningum hjúkrunarheimila var samið um greiðslur til hjúkrunarheimilanna sem innifela þetta fjármagn, þ.e. ríkið hefur þegar samningsbundið sig til að greiða það áfram til hjúkrunarheimilanna. Hér að neðan má sjá fyrsta hluta samnings eins hjúkrunarheimilanna við ríkið:

## Samkomulag um framlengingu á samningi

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ), kt. 650309-0220 og Hrafnista Garðabæ - Ísafold (verksali), kt. 600117-1300, gera með sér svofellt samkomulag um framlengingu á samningi um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilis að Strikinu 3, Garðabæ, dags. 20. desember 2019, sbr. síðari breytingar.

Með samkomulagi þessu er ofangreindur samningur framlengdur til og með 31. mars 2025.

Við gildistöku samkomulags þessa er:

- Einingarverð, sbr. 3. mgr. 8. gr. sammingsins, er kr. 144,43 á verðlagi ársins 2022.

SFV vekja sérstaklega athygli á því að einingarverðið sem þarna er samið um kr. 144,43 (sem svo hefur breyst áfram með verðlagi og þróun launa) var reiknað út frá því fjármagni sem finna mátti í samþykktum fjárlögum fyrir árið 2022, og innihélt þannig þær 1.200 m.kr vegna kostnaðar hjúkrunarheimilanna vegna styttingu vinnuvikunnar. Það fjármagn vantaði upphaflega í fjárlagafrumvarp 2023 en var bætt við með breytingartillögu meirihluta fjárlaganefndar á frumvarpinu.

Þetta framlag fór beint í að viðhalda þjónustu hjúkrunarheimilanna eftir styttingu vinnuvikunnar (og vantaði raunar meira til að gera það að öllu leyti og koma í veg fyrir niðurskurð). Því er ákaflega mikilvægt að það sé tryggt til framtíðar

### Fjármunir vegna launahækkana sem komu til á árinu 2023.

Í kafla 5.5 frumvarpsins segir um launaforsendur:

Við gerð fjárlaga 2023 lá ekki fyrir hverjar launahækkanir ríkisstarfsmanna fyrir komandi fjárlagaár yrðu þar sem kjarasamningar losnuðu að vori 2023. Vegna óvissu með hvenær yrði samið og hver niðurstaða samninganna yrði var stofnunum ekki úthlutað viðbótarfjárveiting byggð á áætlunum heldur var fjárheimild miðuð við forsendur fjármálaáætlunar um launahækkanir opinberra starfsmanna sett á almennan varasjóð.

Ennfremur kemur fram að “á yfirstandandi ári hafa fjárveitingar verið millifærðar á stofnanir og verkefni til samræmis við niðurstöður kjarasamninga”. Hjá hjúkrunarheimilum landsins kom það svona út:

- Í þjónustusamning hjúkrunarheimila við SÍ kemur fram að greiðslur til hjúkrunarheimila skiptast 80/20 í laun og annan kostnað.
- Á yfirstandandi ári hækkaði launaliðurinn hjá hjúkrunarheimilum um 9,07%.
- Það þýðir að auknar greiðslur til hjúkrunarheimila sem greiddar eru til þeirra á árinu 2023 umfram það sem samþykkt var í rekstrargrunn fjárlaga 2023 eru rúmlega 2.300 m.kr. frá gildistöku kjarasamninga til ársloka. Það þýðir um 3.100 m.kr. á ársgrundvelli.

### Hækkanir á greiðslum til hjúkrunarheimila vegna verðlags

Ef miðað er við forsendur frumvarpsins um 8% hækkun á verðlagi þýðir það að rekstrarhluti framlaga til hjúkrunarheimila samkvæmt þjónustusamning þeirra (m.v. 80/20 skiptingu) hækki um 683 m.kr.

Eins og kom fram í umfjöllun um helstu áherslur í umsögn SFV hvetja samtökin til þess að bætt verði við fjármunum vegna hjúkrunarþyngdar og smæðarálags. Frekari umfjöllun um þær tillögur, sem og fjármagn vegna útlagakostnaðar má finna hér að neðan.

### Hjúkrunarþyngd

Hluti fjárveitinga til hjúkrunarheimila er greitt í samræmi við svokalla *hjúkrunarþyngd*, sem er í raun mat á því hversu mikla þjónustu íbúar hjúkrunarheimila þurfa. Ef hjúkrunarheimilin eiga að geta veitt þjónustu til íbúa sem þurfa sérlega mikla þjónustu vegna alvarlegra veikinda, er fjármagn vegna þessa liðs því ákaflega mikilvægt. Ekki er sundurliðað í frumvarpinu hversu mikið fjármagn er veitt vegna hjúkrunarþyngdar hjúkrunarheimila og óska samtökin því virðingarfullst eftir því að fjárlaganefnd skoði málið.

Ein af stóru breytingunum sem kom inn með nýjum þjónustusamningum hjúkrunarheimila er að inn í þá var sett ferli til að ákvarða niðurskurð á þjónustu ef fjármagn vegna hjúkrunarþyngdar vantar í fjárlögum. Að mati SFV má heimilisfólk hjúkrunarheimilanna alls ekki við slíkum niðurskurði og hvetja til þess að hann raungerist ekki. Eftirfarandi er bókun úr þjónustusamningum sem fjallar um ferlið sem fer af stað ef ekki er tryggt nægt fjármagn í fjárlögum.

#### **Bókun 1:**

Við undirbúning fjárlaga hvers árs munu Sjúkratryggingar Íslands upplýsa heilbrigðisráðuneytið og samstarfsnefnd, um breytingar á hjúkrunarþyngdamælingum (RUG stuðull). Sýni mælingar aukna þörf fyrir fjármagn vegna þessa, munu SÍ koma upplýsingum um áætlaða fjárþörf á framfæri við heilbrigðisráðuneytið.

Komi til þess að niðurstaða RUG stuðuls beri með sér kostnað umfram fjárveitingu vegna hjúkrunarþyngdar samkvæmt fjárlögum skal aðlaga greiðslur vegna hans (skala niður) að fjárveitingunni jafnt hjá öllum rekstraraðilum hjúkrunarheimila sem fá greitt samkvæmt gjaldið 3.00, sbr. 8. gr. samningsins. Þá geta viðkomandi hjúkrunarheimili lagt fram tillögur til samstarfsnefndar um hvaða kröfum í kröfufylsingu verði veittar undanþágur frá, eða mögulegar leiðir ef niðurskurður á þjónustu/kröfum í kröfufylsingu er ekki mögulegur. Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. taka SÍ ákvörðun um hvort undanþága sé veitt frá kröfufylsingu.

Í framhaldi af samþykkt þjónustusamninganna setti heilbrigðisráðherra af stað starfshóp um nýtt mats- og greiðsluferfi fyrir hjúkrunarheimili, sem er ákaflega mikilvægt og þarft framfaraskref. Starfshópnum setti ráðherra það markmið að “greiðslur séu í samræmi við raunverulega þjónustu hverju sinni, en ekki meðaltal aftur í tímann”. Ef að það markmið á að nást fram er ljóst að bæta þarf verulega í fjármagn vegna hjúkrunarþyngdar. Okkar mat er að **bæta þurfi a.m.k. 150 milljónum við fjárlögin til að markmið um að greiðslur séu í samræmi við núverandi hjúkrunarþyngd, nái fram að ganga.**

SFV vekja einnig athygli á því að til er mat á kostnaði við að færa greiðslurnar á réttan stað m.t.t núverandi hjúkrunarþyngdar. Það var m.a reiknað af Sjúkratryggingum Íslands í aðdraganda nýrra þjónustusamninga.

#### **Smæðarálag**

Fjárveitingar til hjúkrunarheimila skiptast niður í nokkra mismunandi þætti. Einn mikilvægur hluti þeirra er hið svokallaða smæðarálag og viðbótarsmæðarálag. Undanfarin ár hafa verið um 500 m.kr. settar samanlagt í smæðarálag og viðbótarsmæðarálag til hjúkrunarheimila.

Þessir fjármunir fara til minnstu hjúkrunarheimila landsins sem mörg hver eru í smærri byggðum út um land. Þeim er ætlað að jafna að hluta þá rekstraróhagkvæmi sem óhjákvæmilega kemur til við að reka lítið hjúkrunarheimili. Þrátt fyrir greiðslu smæðarálags er rekstur þessara hjúkrunarheimila oft erfiður og hafa sveitarfélögin sem að þeim standa jafnan þurft að leggja þeim til viðbótarfjármagn til rekstursins.

Að okkar mati er því gríðarlega mikilvægt að smæðarálag verði áfram tryggt og jafnframt að heildarupphæðin verði hækkuð bæði vegna verðlags- og launahækkana en einnig vegna þarfar á viðbótarfjármagni til þeirra hjúkrunarheimila sem um ræðir. Ef þetta fjármagn verður ekki tryggt áfram mun það leggjast gríðarlega hart á minnstu hjúkrunarheimilin og ógna rekstrarhæfi þeirra.

Sem fyrr segir eru þau hjúkrunarheimili sem njóta smæðarálags flest staðsett í minni sveitarfélögum á landsbyggðinni og þess vegna gríðarlega stórt byggðamál að þessir fjármunir verði áfram tryggðir. Það er einnig í góðu samræmi við pólitískar áherslur ríkisstjórnarinnar að svo verði.

Eins og fyrir hjúkrunarþyngdina var samið um ferli til að ákvarða þjónustuskerðingu ef ekki eru nægilegir fjármunir í fjárlögum vegna smæðarálags. Sjá bókunina hér að neðan:

### **Bókun 2:**

Aðilar eru sammála um mikilvægi þess að gætt sé að rekstrarhæfi smærri hjúkrunarheimila. Komi í ljós við undirbúning fjárlaga hvers árs að viðbótarsmæðarálag eða ígildi þess verði ekki tryggt á komandi ári, verður samstarfsnefnd upplýst um það. Verði niðurstaða fjárlaga að viðbótarsmæðarálagi er ekki til að dreifa, þá geta viðkomandi hjúkrunarheimili lagt fram tillögur til samstarfsnefndar um hvaða kröfum í kröfulýsingu verði veittar undanþágur frá, eða mögulegar leiðir ef niðurskurður á þjónustu/kröfum í kröfulýsingu er ekki mögulegur. Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. taka SÍ ákvörðun um hvort undanþága sé veitt frá kröfulýsingu.

En í ljósi þess hversu þungbært skref það yrði fyrir hjúkrunarheimili á landsbyggðinni að leggja upp í niðurskurð hvetja SFV nefndina til að tryggja nægilegt fjármagn í smæðarálag til að tryggja rekstur minnstu hjúkrunarheimilanna. **Mat SFV er að 150 m.kr. vanti inn í smæðarálagið til að styðja við rekstur og þjónustu minnstu hjúkrunarheimila landsins hringinn í kringum landið.**

### **Útlagasjóður**

Í aðdraganda nýrra þjónustusamninga hjúkrunarheimila gaf heilbrigðisráðherra út yfirlýsingu til að liðka fyrir samningum, þar sem m.a. eftirfarandi kom fram:

#### **3. Útlagasjóður.**

Heilbrigðisráðuneytið lýsir yfir vilja til að beita sér fyrir stækkun útlagasjóðs á árinu 2023 um 30 m.kr.

Þetta myndi þýða að útlagasjóður fyrir árið 2024 ætti að vera tæplega 100 m.kr. Við hjá SFV fáum ekki betur séð en að þessi hækkun hafi ekki enn náð fram að ganga og hvetjum fjárlaganefnd til að gera breytingar þar á. Jafnframt verði haft í huga að eðlilegt sé að hækka framlög í útlagasjóð í samræmi við verðlagshækkunarir.

### **Húsnæðiskostnaður hjúkrunarheimila**

Ekki er fjallað sérstaklega í frumvarpinu um húsnæðiskostnað hjúkrunarheimila. SFV hafa árum saman vakið athygli stjórnvalda og Alþingis á því að ýmis hjúkrunarheimili fá ekki greidda leigu frá ríkinu vegna húsnæðis þess sem þau útvega undir þjónustuna, og ekki heldur nægilegar greiðslur til að ná utan um kostnað vegna rekstur húsnæðisins. Afleiðingar þessa er augljósar og alvarlegar fyrir ástand húsnæðis hjúkrunarheimila til framtíðar.

Nú er að störfum nefnd á vettvangi heilbrigðisráðuneytisins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem hefur húsnæðiskostnað hjúkrunarheimila til skoðunar. Von SFV stendur til þess að niðurstaða þeirrar vinnu verði að loks tryggi ríkið nægt fjármagn til utanumhalds húsnæði hjúkrunarheimila. SFV hvetja fjárlaganefnd til að fjalla um þetta og vinna að því að til framtíðar verði hjúkrunarheimilum (og þannig íbúum þeirra) ekki mismunað þegar kemur að húsnæðisgreiðslum.

### **Dagdvalir**

Í yfirliti 3 í fylgiriti með fjárlagafrumvarpinu kemur fram að fjárveitingar til dagdvala fari úr 3.057,7 m.kr í 3.256 m.kr, sem er hækkun upp á 6,5%. Eins og fjallað var um hér að ofan í kaflanum um hjúkrunarheimili þá fengu dagdvalir á sama hátt aukið fjármagn innan ársins 2023 til að mæta hækkun

launa v. nýrra kjarasamninga. Mat SFV er að það vanti 71 m.kr. í rekstrargrunn dagdvala fyrir árið 2024. Þá ályktun byggja samtökin á eftirfarandi:

- Ef notast er við sömu forsendur og hjá hjúkrunarheimilum varðandi skiptingu starfsfólks milli stéttarféлага og notast við kostnaðarmat ríkisins á kjarasamningum ríkisins við stéttarfélög, má álykta að heildarviðbótargreiðslur til dagdvala innan ársins 2023 v. kjarahækkana hafi verið um 220 m.kr á ársgrundvelli.
- Miðað við forsendur fjárlagafrumvarpsins um verðlagshækkanir á árinu 2024 ættu að bætast við 49 m.kr í rekstrargrunninn.
- Byggt á launahækkunum sem þegar hafa komið til og hækkandi verðlagi ætti rekstrargrunnur dagdvala fyrir árið 2024 að vera 3.327 m.kr, **það vantar því a.m.k. 71. m.kr. upp á til dagdvala í fjárlagafrumvarpinu.**
- Auk þess hafa verið opnuð ný dagdvalarými á árinu og mun sú þróun líklega halda áfram. Það þýðir að enn meira vantar í rekstrargrunn dagdvala í frumvarpinu.

## **25.2 Endurhæfingarpjónusta**

Fram kemur í frumvarpinu að “heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2024 er áætluð 7.186,6 m.kr. og lækkar um 231 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum”. Fram kemur að stærstur hluti þeirrar lækkunar er vegna þess að: “Fjárheimild málaflokksins lækkar um 198 m.kr. vegna tímabundinna framlaga til SÁÁ, Samhjálp og til vinnu gegn fíkisjúkdómum sem Alþingi veitti í eitt ár”.

Af aðildarfélögum SFV sem eru undir þessum fjárlagalið er sérstaklega fjallað hér að neðan um fjárveitingar til Alheimersamtakanna, Heilsustofnunar NLFÍ, Hleinar, Reykjalundar, Samhjálp og SÁÁ. Auk þeirra fellur Kjarkur endurhæfing undir þennan lið (sem áður hét Sjálfsbjargarheimilið) og er mikilvægt að styrkja fjárveitingar til allra þessara þjónustuaðila.

Hér að neðan fylgja athugasemdir SFV um einstaka aðildarfélög samtakanna sem falla undir þennan fjárlagalið.

### **Alheimersamtökin – Seiglan**

Sá hluti starfsemi Alheimersamtakanna sem fellur undir þennan fjárlagalið er rekstur Seiglunnar, þjónustumiðstöðvar fyrir einstaklinga með heilabilun. **Mat SFV er að inn í rekstur Seiglunnar vanti 20. m.kr.** Þá ályktun byggir SFV á eftirfarandi:

- Samkvæmt yfirliti 6-1 í fylgiriti með fjárlagafrumvarpinu kemur fram að rekstrargrunnur Seiglunnar fer frá því að vera 75 m.kr. árið 2023 í 76 m.kr. árið 2024.
- Þær 75. m.kr. eru óbreyttar frá þeirri upphæð sem samþykkt var í fjárlögum 2023 í rekstrargrunn Seiglunnar. Þannig hefur ekki verið bætt fjármunum í rekstrargrunninn vegna hækkana á greiðslum sem Alheimersamtökin hafa þegar fengið innan ársins 2023 vegna nýrra kjarasamninga. Sú upphæð nemur 6.3 m.kr á ársgrundvelli og vantar þá upphæð í fjárlagafrumvarpið. Samkvæmt því ætti rekstrargrunnur Seiglunnar fyrir árið 2024 að vera amk. 81.3 m.kr.
- Í umsögn Alheimersamtakanna um fjárlagafrumvarp þetta kemur einnig fram rökstutt mat þeirra á því að fjárbörf Seiglunnar sé 8 m.kr. á mánuði, sem þýðir 96 m.kr. á ársgrundvelli. Það þýðir að 20 m.kr. vantar í rekstrargrunn ársins 2024. SFV vísa til umsagnar Alheimersamtakanna og hvetja fjárlaganefnd til að styðja áfram við þessa gríðarlega mikilvægu þjónustu.

## Hlein

Samkvæmt yfirliti 6-1 fylgiriti með fjárlagafrumvarpinu fer rekstrargrunnur Hleinar úr 229 m.kr. árið 2023 í 232 m.kr. fyrir árið 2024. Okkar mat er að inn í rekstrargrunninn fyrir árið 2024 **vanti a.m.k. 7 m.kr.** Þá ályktun byggir SFV á eftirfarandi útreikningum:

- Byggt á sömu forsendum og hjá Reykjalundi hér að ofan þá vantar 4. m.kr. í rekstrargrunn Hleinar vegna kjarahækkana sem komu til innan ársins 2023.
- Út frá forsendum fjárlagafrumvarpsins um verðlagshækkanir ættu greiðslur til Hleinar að hækka um 3 m.kr.
- Tekið saman þýðir þetta að rekstrargrunnur Hleinar fyrir árið 2024 ætti að vera 239 m.kr. og vantar því um 7 m.kr. í fjárlagafrumvarpinu til Hleinar.

## Heilsustofnun NLFÍ

Samkvæmt yfirliti 6-1 í fylgiriti með fjárlagafrumvarpinu fer rekstrargrunnur Heilsustofnunar NLFÍ úr 1.090 m.kr. árið 2023 í 1.104 m.kr. fyrir árið 2024. Okkar mat er að inn í rekstrargrunninn fyrir árið 2024 **vanti a.m.k. 29.4 m.kr.** og byggir það á eftirfarandi útreikningum:

- Í rekstrargrunninum fyrir 2023 er að finna um 49.5 m.kr. vegna hækkana á greiðslum til Heilsustofnunar NLFÍ til að mæta auknum launakostnaði við nýja kjarasamninga. Þessi fjárhæð miðar við 9 mánuðina frá gildistöku nýrra kjarasamninga til ársloka. Á ársgrundvelli er þessi fjárhæð 66 m.kr. og vantar því um 16.5 m.kr í rekstrargrunninn fyrir árið 2024.
- Eins og fjallað var um í umfjöllun um Reykjalund hér að ofan á eftir að gera ráð fyrir nýjum kjarasamningum við Læknafélag Íslands í þeim hækkunum á greiðslum sem fram hafa komið til aðildarfélaganna SFV innan ársins 2023. Vegna þessa vantar um 5.3 m.kr í rekstrargrunn ársins 2024.
- Samkvæmt þjónustusamning við Sjúkratryggingar Íslands er gert ráð fyrir að 26% af greiðslum til Heilsustofnunar NLFÍ hækki miðað við forsendur fjárlaga hvers árs um verðlagshækkanir. Út frá þeim forsendum ætti rekstrargrunnur Heilsustofnunar NLFÍ að hækka um 21.6 m.kr.
- Tekið saman þýðir þetta að rekstrargrunnur Heilsustofnunar NLFÍ fyrir árið 2024 ætti að vera 1133.4 m.kr og því vantar 29.4 m.kr í fjárlagafrumvarpinu

## Reykjalundur

Samkvæmt yfirliti 6-1 í fylgiriti með fjárlagafrumvarpinu fer rekstrargrunnur Reykjalundar úr 2.433 m.kr. árið 2023 í 2.465 m.kr. fyrir árið 2024. Okkar mat er að inn í rekstrargrunninn fyrir árið 2024 **vanti a.m.k. 52 m.kr.** og byggir það á eftirfarandi útreikningum:

- Í rekstrargrunninum fyrir 2023 er að finna 92 m.kr. vegna hækkana á greiðslum til Reykjalundar til að mæta auknum launakostnaði við nýja kjarasamninga. Þessi fjárhæð miðar við 9 mánuðina frá gildistöku nýrra kjarasamninga til ársloka. Á ársgrundvelli er þessi fjárhæð 123 m.kr. og vantar því um 31 m.kr í rekstrargrunninn fyrir árið 2024
- Þegar Reykjalundur fékk hækkun á greiðslum til sín innan ársins 2023 þá kom fram frá Sjúkratryggingum Íslands að sú hækkun væri til að mæta kostnaði við alla nýja kjarasamninga Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (sem Reykjalundur er hluti að) nema kjarasamninga við Læknafélag Íslands. Ástæðan fyrir því var að ekki lá fyrir kostnaðarmat ríkisins á kjarasamningum þess við Læknafélag Íslands. Því á sú hækkun eftir að koma til Reykjalundar. Fjárhæðin sem vantar í rekstrargrunninn fyrir árið 2024 vegna þessa er um 19 m.kr.
- Samkvæmt þjónustusamning Reykjalundar við Sjúkratryggingar Íslands er gert ráð fyrir að 17% af greiðslum til Reykjalundar hækki miðað við forsendur fjárlaga hvers árs um verðlagshækkanir. Út frá þeim forsendum ætti rekstrargrunnur Reykjalundar að hækka um 34 m.kr.
- Tekið saman þýðir þetta að rekstrargrunnur Reykjalundar fyrir árið 2024 ætti að vera 2.517 m.kr. og vantar því um 52 m.kr. í fjárlagafrumvarpinu til Reykjalundar.

## Samhjálp

Í erindi frá Samhjálp til fjárlaganefndar Alþingis sem sent var nefndinni þann 25. ágúst sl. var óskað eftir því að fjárlaganefnd hækki framlagið til Samhjálpar fyrir rekstur Hlaðgerðarkots upp í 300 milljónir á árinu 2024. Í fylgiskjölum með fjárlagafrumvarpinu er ekki hægt að sjá hvort að orðið hafi verið við þeirri beiðni. SFV hvetja fjárlaganefnd til að taka vel í beiðni Samhjálpar til að styðja við þá spennandi þróun í þjónustu Hlaðgerðarkots sem fjallað er um í erindi Samhjálpar til nefndarinnar.

## SÁÁ

Með breytingartillögu fjárlaganefndar á fjárlagafrumvarpi ársins 2023 var bætt við til SÁÁ „120 m.kr. tímabundið framlag til almenns reksturs“. Það er ljóst að ástandið eftirspurn eftir þjónustu SÁÁ og mikilvægi hennar hefur ekki minnkað milli ára, sérlega m.t.t. ópíóðafaraldursins. SFV hvetja fjárlaganefnd til að framlengja það framlag og auka við það í samræmi við mat SÁÁ á fjármagnspörf heilbrigðisþjónustu þeirra.

Í umsögn SÁÁ um fjárlagafrumvarpið kemur fram að „með skerðingu á framlögum árið 2024 stefnir hallinn á rekstri heilbrigðisþjónustu SÁÁ í að verða 520 mkr. Slíkur halli getur ekki annað en leitt til umfangsmikillar skerðingar á þjónustu, svo mikilli að SÁÁ mun ekki geta staðið undir gildandi þjónustusamningum við Sjúkratryggingar Íslands“. SFV hvetja fjárlaganefnd til að horfa til þessa og auka framlög til SÁÁ til að koma í veg fyrir skerðingu á mikilvægri þjónustu samtakanna.

Að síðustu vilja Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu þakka fjárlaganefnd og stjórnvöldum fyrir þann mikla velvilja sem þau hafa sýnt aðildarfélögum samtakanna.

Samtökin óska virðingarfyllst eftir því að fá að koma til fundar við fjárlaganefnd til að ræða efni umsagnarinnar.

F.h. Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu  
Sigurjón Norberg Kjærnested, framkvæmdastjóri